



Fólk snýr aftur heim

Frá því að heimsfaraldurinn hófst hafa breytingar orðið á flutningum fólks milli landa. Margir Íslendingar fluttu aftur heim og færri fluttu út en í venjulegu árferði. Erlendir ríkisborgarar hafa margir flutt af landi brott.

Hægari mannfjöldaaukning

Frá því að Covid-19-faraldurinn hófst hafa búferlaflutningar milli landa tekið breytingum.¹ Á öðrum og þriðja ársfjórðungi fluttu færri hingað til lands en í venjulegu árferði, og fleiri fluttu af landi brott. Þrátt fyrir það mældist nettó aukning í búferlaflutningum til landsins. Alls fluttu 25 fleiri einstaklingar til landsins en frá því á öðrum ársfjórðungi og 560 á þeim þriðja.


Til samanburðar var flutningsjöfnuður jákvæður um ríflega 1.000 einstaklinga á öðrum ársfjórðungi í fyrra og yfir 1.500 á þeim þriðja. Mannfjöldaaukning vegna flutninga mælist því talsvert minni en oft áður, þó hún sé engu að síður jákvæð.

Munur eftir ríkisfangi


Ef litið er til þróunar eftir ríkisfangi má greina nokkuð athyglisverða þróun þar sem Íslendingar eru í meirihluta aðfluttra umfram brottflutta á öðrum og þriðja ársfjórðungi, séu þeir tveir fjórðungar lagðir saman. Slíkt hefur ekki oft gerst áður, en frá 2005, þegar erlendir ríkisborgarar hófu að flytja hingað í auknum mæli, hafa þeir verið í miklum meirihluta aðfluttra umfram brottflutta. Margir Íslendingar virðast því hafa snúið heim eftir að veirufaraldurinn hófst og færri flutt af landi brott.

Óvenjufáir Íslendingar fluttu út í haust


Búferlaflutningar Íslendinga eru yfirleitt mestir á þriðja ársfjórðungi, enda margir sem flytja út í nám sem byrjar á haustin. Í ár mældist þó í fyrsta sinn frá upphafi mælinga² jákvæður flutningsjöfnuður meðal Íslendinga á þeim fjórðungi, 960 fluttu af landi brott og 1.110 til þess. Það að færri fluttu út en vanalega, er að líkindum bein afleiðing af faraldrinum og óvissa um þróun hans.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Haestofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Miðað er við skráningu lögheimilis.

² Ársfjórðungsleg gögn eru frá upphafi árs 2010.



Mikið um flutninga meðal erlendra ríkisborgara


Töluverður fjöldi erlendra ríkisborgara hefur flutt af landi brott eftir að veirufaraldurinn hófst. Á öðrum fjórðungi þessa árs voru brottfluttir fleiri en aðfluttir í fyrsta sinn síðan 2012. Staðan breyttist svo á þriðja ársfjórðungi þar sem aðfluttir urðu fleiri en brottfluttir. Það vekur sérstaka athygli í ljósi þess að mjög margir fluttu af landi brott, eða 2.040 talsins, sem er mesti fjöldi sem hefur mælst á stökum ársfjórðungi frá upphafi árs 2010. Aðfluttir voru þó fleiri, eða 2.440 talsins, sem verður að teljast talsverður fjöldi í ljósi aukins atvinnuleysis.

Mannfjöldaaukning drifin áfram af aðflutningi

Síðustu ár hefur mannfjöldaaukning hér á landi verið drifin áfram af flutningi erlendra ríkisborgara til landsins. Árið 2017 var slegið met í mannfjöldaaukningu þegar landsmönnum fjölgaði um ríflega 10.000, og voru aðfluttir umfram brottflutta ríflega 8.000. Síðan hefur aðeins hægt á þróuninni en í fyrra fjölgaði íbúum hér á landi um ríflega 7.000, þegar tæplega 5.000 fleiri fluttu til landsins en frá því.


Tölur fyrstu þriggja fjórðunga þessa árs benda til þess að minna verði um flutninga til landsins á þessu ári og því hægari mannfjöldaaukning en ella. Miðað við reynslu síðustu ára má þó gera ráð fyrir hraðri aukningu á ný þegar rofar til í atvinnu- og efnahagslífinu.

Erlendir ríkisborgarar



Heimild: Hagstofa Íslands

Samsetning mannfjöldaaukningar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.